

I. Tillaga til 398. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 4. maí 2017.

Tillaga 476. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar, 26. Apríl sl., um að samþykkja óverulega breytingu á deiliskipulagi við Furulund í Tunguhverfi.

5. 2016120035 - Deiliskipulag - Birkilundur Furulundur

Á 473. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar þann 08.03.2017 var samþykkt að grenndarkynna óverulega breytingu á deiliskipulagi við Furulund í Tunguhverfi skv. 2.mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir hagsmunaaðilum, eigendum og íbúum aðliggjandi lóða.

Breytingar voru grenndarkynntar fyrir lóðarhöfum iðnaðarlóða við götu A og B ásamt ábúanda Efri Tungu, gefinn var fjögurra vikna frestur til athugasemda, frá 12. mars til 10. apríl 2017. Ekki voru gerðar neinar athugasemdir við grenndarkynningu.

Á grenndarkynningarupprátt voru gerðar leiðréttingar á götunöfnum í samræmi við bókun bæjarráðs frá fundi nr.503 þann 20.11.2006

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt.